

# Nýr Landspítali ohf.

## Ársreikningur 2018

Nýr Landspítali ohf.  
Skúlagötu 21  
101 Reykjavík  
kt. 500810-0410

## Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting ársreiknings.....	3
Áritun endurskoðenda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymi .....	8
Skýringar .....	9

## Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Nýs Landspítala ohf. árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi, auk skýringa.

Á árinu 2018 beindist starfsemi félagsins að tíu framkvæmdaþáttum, þ.e. heildarverkefni, deiliskipulagi, meðferðakjarna, þyrlupalli, sjúkrahóteli, framkvæmdum við götur, veitur og lóð, rannsóknarhúsi, bílastæðahúsi, tengingangi og brúm og öðrum framkvæmdaverkum.

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir 1.558,6 m.kr., skuldir 1.538,6 m.kr. og eigið fé 20,0 m.kr.

Hlutfé félagsins er 20,0 m.kr og er allt í eigu ríkissjóðs.


Stjórn Nýs Landspítala ohf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, maí 2019

  
Erling Ásgeirsson,  
stjórnarformaður

  
Dagný Brynjólfsson

  
Hafsteinn S. Hafsteinnsson

  
Gunnar Svavarsson,  
framkvæmdastjóri

## Áritun ríkisendurskoðanda

Til stjórnar Nýs Landspítala ohf.

### Álit

Endurskoðun á meðfylgjandi ársreikningi Nýs Landspítala ohf. fyrir árið 2018 var framkvæmd samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ríkisendurskoðandi staðfestir samkvæmt bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit ríkisendurskoðanda að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Nýs Landspítala ohf., 31. desember 2018, afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð ríkisendurskoðanda samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst hér síðar. Ríkisendurskoðandi er óháður Nýjum Landspítala ohf. og hefur unnið í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðenda (INTOSAI). Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit á ársreikningnum.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, settar reglur og fyrirmæli. Hún er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings er stjórn ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Nýs Landspítala ohf. og setja inn skýringu ef þess er þörf.

### Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum.

Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.


## Áritun ríkisendurskoðanda frh.

Framkvæmd endurskoðunar hjá ríkisendurskoðanda er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Þá ber við endurskoðunina að fara eftir ákvæðum laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Í þessu felst að ríkisendurskoðanda ber að:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og afla endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Afla skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- Meta í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, meta framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðandi upplýsti framkvæmdastjóra meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 23 . maí 2019



Skúli Eggert Þórðarson  
ríkisendurskoðandi.



Óskar Sverrisson  
endurskoðandi.

## Rekstrarreikningur árið 2018

	Skýr.	2018	2017
<b>Tekjur</b>			
Endurgreiddur kostnaður.....		3.447	0
Rekstrartekjur		<u>3.447</u>	<u>0</u>
<b>Gjöld</b>			
Heildarverkefnið.....	9	191.219	147.213
Deiliskipulag.....		2.342	0
Meðferðarkjarni.....		724.327	444.844
Þyrlupallur.....		7.922	0
Sjúkrahótel.....		637.531	1.179.899
Götur, veitur og lóð.....		881.607	170.744
Rannsóknarhús.....		4.637	12.552
Bílastæðahús.....		2.607	12.845
Tengigangur og brýr.....		22.329	0
Önnur framkvæmdaverk.....		24.323	0
Fjármagnsliðir.....		(36.722)	(55.392)
Rekstrargjöld		<u>2.462.122</u>	<u>1.912.705</u>
Niðurstaða ársins.....		2.458.675	1.912.705
Flutt á viðskiptareikning ríkissjóðs.....		<u>(2.458.675)</u>	<u>(1.912.705)</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr.	2018	2017
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur.....		3.448	0
Fyrirframgreiddur kostnaður.....		3.292	2.044
Viðskiptareikningur Munck Íslandi ehf.....	8	50.267	0
Krafa vegna skatta.....		52.310	45.159
Handbært fé.....		<u>1.449.255</u>	<u>1.119.676</u>
Veltufjármunir		<u>1.558.572</u>	<u>1.166.879</u>
<b>Eignir alls</b>		<u>1.558.572</u>	<u>1.166.879</u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....		<u>20.000</u>	<u>20.000</u>
Eigið fé	6	<u>20.000</u>	<u>20.000</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptareikningur við ríkissjóð.....	7	1.305.874	973.548
Ógreiddur kostnaður og opinber gjöld .....		<u>232.698</u>	<u>173.331</u>
Skammtímaskuldir		<u>1.538.572</u>	<u>1.146.879</u>
<b>Skuldir alls</b>		<u>1.538.572</u>	<u>1.146.879</u>
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>		<u>1.558.572</u>	<u>1.166.879</u>

## Sjóðstreymi árið 2018

	2018	2017
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Hagnaður ársins .....	0	0
Skammtímakröfur, (hækkun) .....	(62.114)	(11.497)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....	391.693	(342.666)
Handbært fé frá rekstri	<u>329.579</u>	<u>(354.163)</u>
Hækkun á handbæru fé.....	329.579	(354.163)
Handbært fé í ársbyrjun .....	<u>1.119.676</u>	<u>1.473.839</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>	<u><u>1.449.255</u></u>	<u><u>1.119.676</u></u>



## Skýringar

### 1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Nýs Landspítala ohf. byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

### 2. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á kostnaðarverði.

### 3. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

### 4. Handbært fé

Til handbærs fjár teljast óbundnar innstæður á bankareikningum.

### 5. Undirbúningskostnaður

Undirbúningskostnaður greinist þannig:

2018

2017

#### Kostnaðarverð

Framkvæmdir á árinu.....	2.458.675	1.912.705
Flutt á viðskiptareikning ríkissjóðs .....	(2.458.675)	(1.912.705)
	<u>0</u>	<u>0</u>

### 6. Eigið fé

Hlutfé.....	<u>20.000</u>	<u>20.000</u>
-------------	---------------	---------------

### 7. Viðskiptareikningur ríkissjóðs

Staða við ríkissjóð í ársbyrjun.....	973.549	1.366.254
Fært af 08-376.....	2.791.000	1.520.000
	<u>3.764.549</u>	<u>2.886.254</u>
Flutt af undirbúningskostnaði.....	(2.458.675)	(1.912.705)
Staða við ríkissjóð í árslok	<u>1.305.874</u>	<u>973.549</u>

### 8. Viðskiptareikningur Munck Íslandi ehf.

Árgeiningur varð á milli verkkaupa (NLSH) og verksala (MUNCK) vegna framkvæmda við sjúkrahótel, sem lauk með verkskilum 30.11.2018 og samkomulagi um að leggja ágreining fyrir gerðardóm. Hefur verkkaupi greitt verksala liðlega 50,0 m.kr. viðbótargreiðslu vegna framkvæmdanna. Gerðardómur hefur hafið störf og búist við að niðurstaða fái á árinu 2019.

## Skýringar

9. **Heildarverkefnið** **2.018** **2017**

Heildarverkefnið er vegna launa og framkvæmdakostnaðar sem tilheyra ekki einstökum verkþáttum við framkvæmdina. Heildarlaunakostnaður nam 110,4 m.kr. en fjöldi ársverka var 6,7 og fjölgaði þeim um 0,7 frá árinu áður. Laun framkvæmdastjóra námu 15,9 m.kr. Laun þriggja stjórnarmanna námu samtals 4,7 m.kr.

Laun.....	88.866	72.635
Launatengd gjöld.....	21.485	16.644
Annar framkvæmdakostnaður við heildarverkefnið.....	80.868	57.934
	<u>191.219</u>	<u>147.213</u>